

MINNISBLAÐ

Til Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, formanns allsherjarnefndar frá Lárusi Ögmundssyni, Ríkisendurskoðun.

Efni: Um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 162/2006, um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Þar sem Ríkisendurskoðun hefur ekki tók á að senda fulltrúa sinn á boðaðan fund nefndarinnar eftir hádegi fimmtudaginn 30. júlí n.k. til að fjalla um ofangreint frumvarp bregð ég á það ráð að senda þér neðangreinda punkta um málið. Mér þykir leitt að hafa ekki tók á að mæta á fundinn en tel rétt að taka fram að ég hafði áður gert sérstakar ráðstafanir til þess að mæta á áður fyrirhuguðum fundartímum, þ.e.a.s. bæði þann 29. júlí og 31. júlí n.k.


Svo sem kirfilega er tekið fram í greinargerð með frumvarpinu mun hlutverk Ríkisendurskoðunar einvörðungu felast í því að veita upplýsingum um framlög til stjórnmalasamtaka og frambjóðenda þeirra viðtöku og birta þær með samræmdum hætti. Birting upplýsinga af hálfu Ríkisendurskoðunar mun eðli málsins samkvæmt ekki fela í sér neinskonar staðfestingu hennar á réttmæti þeirra heldur hvílir sú ábyrgð alfarið á stjórnmalasamtökunum sjálfum og frambjóðendum þeirra.

Fyrirmæli frumvarpsins eru nokkru takmarkaðri en meginefni núgildandi laga. Frumvarpið tekur til afmarkaðs tímabils að því leyti að gert er ráð fyrir að þeir, sem það tekur til, sendi Ríkisendurskoðun upplýsingar um fjárframlög þeim til handa, sem voru hærrí en 200 þús. kr. á árunum 2002 til 2006, sé um stjórnmalasamtök að ræða en á árunum 2005 til og með 2007 sé um frambjóðendur í forvali eða prófkjöri að ræða. Ef um frambjóðendur til æðstu embætta stjórnmalasamtaka er að ræða þá taka lögin til 2005 til og með árinu 2009. Þá er hvorki gert ráð fyrir því að stjórnmalasamtök skili ársreikningum eða að frambjóðendur skili sundurliðuðum uppgjörom né að birtur verði útdráttur úr þessum gögnum, t.d. heildartekjur, flokkaðar eftir uppruna og heildargjöld ásamt helstu stærðum úr efnahagsreikningi eins og 8. gr. laga nr. 162/2006 mælir fyrir um. Verkefni Ríkisendurskoðunar mun því fyrst og fremst felast í því að safna saman listum um þá, sem veitt hafa framlög yfir 200 þús. kr. og birta hann með samræmdum hætti í samræmi við fyrirmæli 5. og 6. efnismálgreinar 1. gr. frumvarpsins. Hér er því í sjálfu sér hvorki um flókið né umfangsmikið verkefni að ræða í sjálfu sér.

Engu að síður þykir rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum er tengjast frumvarpinu.

1. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að frambjóðendur upplýsi einungis um **fjárframlög** sér til handa umfram 200 þús. kr. enda fari þau samtals fram úr 300 þús. kr. Það sama á við um frambjóðendur til embætta stjórnmalasamtaka. Í 2. mgr. 10. gr. laganna nr. 162/2006, sem gildir um skil þeirra á uppgjöri vegna forvals og prófkjara vegna kosninga í vor, er á hinn bóginn kveðið á um að frambjóðendur séu undanþegnir uppgjörsskyldu ef **kostnaður** við kosningabaráttu er ekki umfram 300 þús. kr. Skiptir í því efni í raun engu máli hve heildarframlög til viðkomandi voru há hafi um þau verið að ræða á annað borð. Viðmiðin í þessu efni eru samkvæmt framansögðu því gerólík allt eftir því hvort menn tóku þátt í forvali eða prófkjörum sl. vor eða á árunum 2005 til 2007. Að mati Ríkisendurskoðunar hlýtur þetta að vekja upp þá spurningu hvort ekki sé eðlilegt að samræma upplýsingagjöfina.
2. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að birta skuli nöfn þeirra einstaklinga, sem látið hafa meira en 500 þús. kr. af hendi rakna, enda samþykki þeir það sérstaklega. Lög nr. 162/2006 gera á hinn bóginn ekki ráð fyrir því að nöfn einstaklinga, sem veita framlög til stjórnmalastarfsemi, séu birt. Skyldan nær einungis til lögaðila. Að þessu leyti gerir bráðabirgðaákvæði skv. frumvarpinu því ögn ríkari kröfur en löginn sjálf.
3. Í 8. gr. laga nr. 162/2006 er mælt svo fyrir að frá og með gildistöku þeirra hinn 1. jan. 2007 skuli stjórnmalasamtök halda samstæðureikning fyrir allar einingar, sem undir þau falla, svo sem sérsambönd, kjördæmisráð, eignarhaldsfélög og tengdar sjálfseignarstofnanir. Til ársloka 2006 munu stjórnmalasamtök ekki hafa gert samstæðureikninga. Skýrir þessi staðreynd einkum hve mjög dróst að nokkur af þeim stærstu a.m.k. skiluðu Ríkisendurskoðun ársreikningum fyrir árið 2007 því gera þurfti margvíslegar ráðstafanir til þess að hægt væri að steypa öllum einingum, sem tengdust þeim, saman í einn reikning. M.a. þurfti í mjög mörgum tilvikum að samræma reikningsár eininganna. Það gat verið snúið því slíkar breytingar krefjast að jafnaði breytinga á stofnskrá eða samþykktum viðkomandi samtaka. Samkvæmt framansögðu liggja líklega ekki fyrir samstæðureikningar vegna þeirra reikningsára, sem ofangreint frumvarp tekur til. Þetta þýðir væntanlega að stjórnmalasamtökin sjálf verði að afla þessara upplýsinga sérstaklega hjá einingunum, sem undir þau falla. Með hliðsjón af fenginni reynslu má ætla að hér verði um nokkuð tímafrekt verkefni að ræða, sem kunni að dragast á langinn þegar á reynir.

29. júlí 2009



Lárus Ögmundsson